



Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða
Hlíðasmára 14
201 Kópavogi

Dagsetning 25.3.2024
Málsnúmer URN24030183

Í ágúst 2023 skilaði starfshópur um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum frá sér skýrslu þar sem lagðar eru til breytingar á fyrirkomulagi eftirlits. Í dag er yfirstjórn þessara málaflokka hjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og matvælaráðuneytinu. Meginábyrgð á framkvæmd og samræmingu eftirlits er hjá Umhverfisstofnun og Matvælastofnun, en dagleg framkvæmd eftirlitsins að verulegum hluta í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Um er því að ræða flókið samspil alls ellefu stofnana á tveimur stjórnsýslustigum ríkis og sveitarfélaga þar sem m.a. reynir á innleiðingu og framkvæmd umfangsmikillar EES-löggjafar.

Þær úrbætur sem áður hafa verið gerðar verið á fyrirkomulagi eftirlits hafa, að mati starfshópsins, einkennst af bútasami og löngu tímabært að ráðist verði í heildstæða endurskoðun á núverandi kerfi. Ýmsir gallar séu á fyrirkomulagi og framkvæmd eftirlits eins og það er skipulagt í dag. Ósamræmi í framkvæmd sé of mikið, stjórnsýsla of flókin, það skorti yfirsýn og misbrestir kerfisins hafi neikvæð áhrif á atvinnulíf og samkeppnishæfni Íslands. Þá séu vannýtt tækifæri til skilvirkni, einföldunar og starfrænnar þróunar.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og matvælaráðuneytið hafa ákveðið að skipa stýrihóp til þess að fylgja eftir tillögum starfshópsins og undirbúa innleiðingu á nýju eftirlitskerfi. Stýrihópurinn verður skipaður einum fulltrúa frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, sem verður formaður stýrihópsins, einum fulltrúa frá matvælaráðuneytinu, einum fulltrúa frá innviðaráðuneytinu, einum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa frá Samtökum heilbrigðiseftirlitasvæða á Íslandi og einum fulltrúa frá Samtökum atvinnulífsins sem og einum áheyrnarfulltrúa frá Samtökum atvinnulífsins. Með starfshópnum mun starfa ráðgjafi sem og tveir starfsmenn frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og matvælaráðuneytinu.

Verkefni stýrihópsins verður að hafa yfirumsjón með verkefninu og verkþætti þess. Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn hafi umsjón með samantekt á forsendum og ávinningsmati verkefnisins, samráð við hagsmunaaðila, endurskoðun löggjafar, innleiðingu breytinga og eftirfylgni og endurskoðun breytinga. Samhlíða störfum stýrihópsins er gert ráð fyrir að ráðuneytin leggi fram frumvarp til þess að gera nauðsynlegar lagabreytingar vegna verkefnisins.

Hér með er óskað eftir að Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða tilnefni fulltrúa í starfshópinn og óskast tilnefning send ráðuneytinu á netfangið urn@urn.is fyrir 9. apríl nk. ásamt kennitölu, starfsheiti og netfangi viðkomand

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir

tilnefningu og skipun fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir setu í stýrihópnum.

Fyrir hönd ráðherra

Stefán Guðmundsson, ráðuneytisstjóri,
umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

Benedikt Árnason, ráðuneytisstjóri,
matvælaráðuneyti

Afrit: Matvælaráðuneytið